

eru í 1. gr. og á þann hátt, er þar greinir, sem kaupir eða lofar að kaupa þær, **117** skal sekur talinn við ákvæði þessarar reglugjörðar. Hið selda eða umsamda er 3. okt. að veði fyrir sektunum.

### 3. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

Áður en dómari úrskurðar sektir, án þess að mál fari fyrir dóm, skal málið borið undir stjórnarráðið.

### 4. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 3. október 1918.

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

## Reglur

**118**  
25. sept.

um sölu og útflutning á kindargærum.

(Tilkynning nr. 7., frá Útflutningsnefndinni, dags. 25. sept. 1918).

### 1. gr.

Öllum framleiðendum og öðrum, er hafa með höndum kindargærum, sem framleiddar eru á árinu 1918, og eigi verða hafðar til notkunar í landinu sjálfu, er skylt að bjóða gærunar til kaups fulltrúa bandamanna hjer í Reykjavík, jafnskjótt og þær eru útbúnar til útflutnings. Annast útflutningsnefndin framkvæmdir á þessu, samkvæmt auglýsingu Stjórnarráðsins, dags. 3. júní þ. á., og ennfremur reglugjörð, dags. 11. sama mán.

118

25. sept.

2. gr.

Samkvæmt samningum við Bandamenn ber að afhenda gærurnar til sölu á þessum höfnum:

Reykjavík,  
Seyðisfirði og  
Akureyri.

En fulltrúi Bandamanna hefir fallist á við nefndina, að kaupa gærurnar og veita þeim móttöku einnig á þessum höfnum:

Stykkishólmi,	Borðeyri,
Ísafirði,	Hólmavík,
Blönduósi,	Hvammstanga,
Sauðárkróki,	Þórshöfn,
Húsavík,	Vopnafirði,
Reyðarfirði,	Vestmannaeyjum.

Þó mega seljendur, sem eiga gærur á þessum viðbótarhöfnum, búast við því, að hafa allan kostnað og ábyrgð á geymslu þeirra þar og eldsvoðatryggingu, án nokkurs endurgjalds, þangað til varan kemst um borð. Svo greiða þeir og þann farmgjaldsmismun, sem verða kann við það að taka gærurnar á þessum aukahöfnum.

3. gr.

Útflutningsnefndin sinnir framboðum frá kaupmönnum, er kaupa inn gærur til þess að selja þær út í heildsölu, svo og frá fjelögum, sem hún viðurkennir. Hagkvæmast er, að framboð frá kaupmönnum og kaupfjelögum komi jafnskjótt og gærurnar eru tilbúnar til útflutnings, og eigi síðar en 30. október næstk.

4. gr.

Samkvæmt nefndum samningi er verð gæranna krónur 1,50 fyrir kg. Verð þetta er háð þeim skilyrðum, sem hjer fara á eftir.

5. gr.

Kjötmatsmenn (sjá tilkynningu nr. 6) hafa umsjón með móttöku og allri meðferð gæranna á hverjum stað. Gærurnar sjeu óskemdar og lausar við óprif, þær sjeu tafarlaust kældar eftir slátrunina og síðan saltaðar og bundnar á venjulegan hátt, tvær og tvær í vöndul. Þær sjeu saltaðar hæfilega mikið með nothæfu salti. Gærurnar sjeu vegnar af kjötmatsmönnum, í vöndlum, þá er slátrun er lokið, og skulu þeir votta um tölu og vigt gæranna í vöndlum; ennfremur votti þeir að þær sjeu lausar við óprif, hreinlega meðfarnar, nægilega saltaðar nothæfu salti, en þó eigi fram yfir helming móts við það, er gærurnar vigta ósaltaðar, svo vel bundnar að saltið haldist í þeim flutningi, og lausar við aðra bleytu en af eðlilegum saltlegi.

## 6. gr.

118  
25. sept.

Þá er fulltrúi Bandamanna hefir ákveðið að kaupa gærurnar, mega líða 30 dagar frá því að kaup gerðust þangað til borgun fer fram, eða 30 dagar frá því að vottorð matsmanna og vigtarskýrslur í tvennu lagi hafa borist fulltrúanum. Nú er vörinni skipað út áður en 30 dagar eru liðnir, og greiðist verðið þá um leið og farmskrá og vigtarskýrslur eru komnar í hendur fulltrúans, eða umboðsmanns hans. Útflutningsnefndin getur ekki heldur greitt andvirði til seljanda nema faktúrir og vigtarvottorð sje komnar henni í hendur.

## 7. gr.

Skylt er seljanda að flytja gærurnar um borð og greiða toll og önnur lögleg gjöld, er á leggjast, kaupanda að kostnaðarlausu.

## 8. gr.

Þangað til útskipun gæranna fer fram á útflutningshöfn, hvílir sú skylda á seljanda að geyma þær óskemdar á hreinu gólfi í góðu húsi og vátrygðar fyrir eldsvoða, en kaupandi endurgreiðir á aðalhöfnum, sbr. 2. gr., geymslukostnað og vátryggingargjald, hlutfallslega fyrir þann tíma, sem varan þannig geymist fram yfir 30 daga frá því er kaup gerðust. Geymslukostnaður reiknast samkvæmt venju, eða eftir samkomulagi. Kröfur um endurgreiðslur á ofanefndum gjöldum skulu sendar Útflutningsnefndinni tafarlaust, þá er varan er komin um borð.

## 9. gr.

Hver gæruvöndull sje merktur með viðfestu trje- eða ljereftsmerki, þar sem á sje ritaðir með skýru bleki tveir upphafstafir fyrir nafn seljanda, og einn upphafsstafur fyrir heimilisfang. Skrásett merki eða önnur skýr merki, sem að undanförunu hafa verið notuð, má einnig hafa, þótt þau sje með öðru móti. Frá merkinu skal skýrt í vigtarvottorði.

Reykjavík, 25. september 1918.

*Thor Jensen. Pjetur Jónsson. O. Benjamínsson.*